



Fundargerð

410. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.
Fimmtudaginn 24. ágúst 2017.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Práinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) í forföllum Ágústar Más Gröndals (ÁMG) og Rebekka Eiríksdóttir (RE) í forföllum Áslaugar Bertu Guttormsdóttur (ÁBG) og Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 408. og 409. fundir sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldnir 30. júní og 7. júlí 2017.

Farið yfir fundargerðirnar og þær samþykktar samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd 21. ágúst 2017.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1708008 - Brekka 139543, landskipti á lóðum úr jörðinni Brekku.

Sveitarstjórn samþykkir landskipti þriggja lóða úr jörðinni Brekku 139543, og að stofnaðar lóðir verði teknar úr landbúnaðarnotkun. Samþykkt samhljóða.

2.2 1708009 - Framræsla í landi Brekku við Gufufjörð.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Samkv. upplýsingum frá landeigendum er votlendi innan við 2 ha. og þ.a.l. ekki framkvæmdaleyfisskilt.

2.3 1708010 - Niðurlagning vita, ósk um athugasemdir.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Stýrihópur um skólastefnu 24. ágúst 2017.

Formaður hópsins fór yfir fundargerðina.

3.1 1708020 - Framkvæmdaáætlun um gerð og innleiðingu skólastefnu fyrir Reykhólahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaáætlun um skólastefnu og íbúafund þann 31. ágúst 2017.

Fundargerðin að öðru leiti samþykkt.

4. Samráðshópur um verndarsvæði í byggð 23. júlí 2017.

Varaformaður fór yfir fundargerðina.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Velferðarnefnd 33. fundur 20. júní 2017.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt samhljóða.

6. Fjallskilanefnd 8. 10. og 22. ágúst 2017.

Farið yfir fundargerðirnar.

6.1 Fjallskilaseðill 2017.

Sveitarstjórn samþykkir fjallskilaseðil fyrir árið 2017 samhljóða.

Fundargerðirnar samþykktar að öðru leiti.

7. Dreifbýlisnefnd 23. júlí 2017.

Farið yfir fundargerðina, sveitarstjóra falið að senda erindi til Orkubúsins vegna ljósavélar í Flatey. Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1707001 - Nýtingarleyfi á jarðhita í landi í eigu Reykhólahrepps.

Erindi frestað á fundi 7. júlí 2017.

Lögð er fram umsögn sveitarfélagsins, sveitarstjóra falið að koma henni á framfæri við Orkustofnun. Samþykkt samhljóða.

2. 1708017 - Fullnaðaruppgjör á lífeyrisskuldbindingum hjúkrunarheimila sem starfrækt eru á ábyrgð sveitarfélaga.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett 21. ágúst 2017.

Sveitarstjórn samþykkir að ganga frá samkomulagi við fjármála- og efnahagsráðuneytið miðað við þær forsendur sem koma fram í erindinu. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til að undirrita samkomulagið f.h. sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

3. 1708011 - Rammasamningur Ríkiskaupa, aðildasamningur.

Samningur til undirritunar frá Ríkiskaupum.

Málinu frestað.

4. 1708018 - Ályktun sveitarstjórnar Reykhólahrepps um stöðu sauðfjárræktar.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum af stöðu sauðfjárræktar vegna stórfelldrar lækkunar á afurðarverði til bænda. Verði ekki brugðist við, leiðir það til þess að bændum fækkar. Það mun aftur hafa áhrif á önnur störf og samfélagið í heild, þar á meðal tekjur sveitarfélagsins. Sveitarstjórn minnir á að landbúnaðarstefnan er mótuð sameiginlega af bændum og stjórnvöldum við gerð búvörusamninga. Sveitarstjórn skorar á stjórnvöld að bregðast við tímabundnum vanda af ábyrgð og skilningi gagnvart þeim fjölskyldum sem nú horfa fram á missi stórs hluta tekna sinna.

Ályktun samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

5. **1708019 - Drög að skipulagslýsingu, aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60.**
Drög unnin af Landmótun.

Drög lögð fram til kynningar.

6. **1705001 - Umhverfissvottun, stefna sveitarfélaganna.**
Erindi og undirrituð stefna send frá verkefnastjóra Fjórðungssambands Vestfjarða dagsett 16. ágúst 2017.

Undirrituð stefna lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

7. **1708021 - Styrkbeiðni.**
Erindi frá Sjávarsmiðjunni dagsett 24. ágúst 2017.

Málinu frestað, óskað er eftir fundi með forsvarsmönnum Sjávarsmiðjunnar. Samþykkt samhljóða.

8. **1708022 - Landsþing Jafnréttisstofu.**

Lagt fram til kynningar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:55

_____	_____
_____	_____
_____	_____